



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 153. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, 22. febrúar 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæpórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótisdalshrepps,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Skúli Haukur Skúlason, varaáheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gestir:

Daði Már Kristófersson, umhverfis- og auðlindahagfræðingur,
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fjarverandi / í leyfi / boðuð forföll:

Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Steingrímur Karlsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,

1. Svæðisráð austursvæðis - 101 - 2101006F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

2. Svæðisráð vestursvæðis - 93 - 2101009F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

3. Svæðisráð vestursvæðis - 94 - 2102003F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

Sérbókun frá formanni stjórnar:

Ég geri athugasemd við bókun formanns á fundi svæðisráð vestursvæðis þann 3. febrúar og tel að þar sé að finna ýmsar misvísandi staðhæfingar. Í þessu efni vísa ég í yfirlýsingu mína um málið sem var deilt sem hluta af fundargöngnum fyrir þennan stjórnarfund og óska eftir að sú yfirlýsing verði látin fylgja með fundargerð þessa fundar.

4. Svæðisráð norðursvæðis - 79 - 2102002F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

5. Svæðisráð suðursvæðis - 91 - 2101013F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

Stjórn samþykkir tillögu formanns svæðisráðs suðursvæðis að næsti fundur stjórnar, þann 22. mars nk., verði haldinn í Skaftafelli.

6. Félagið Skrauti - Beiðni um aðgang að upplýsingum er varða umhverfismál - 2102023

Til kynningar.

Formaður stjórnar kynnti beiðni um upplýsingar frá óskráðu félagi sem kallað er Skrauti. Framkvæmdastjóri mun sjá um að svara erindinu í samráði við lögmann stofnunarinnar.

7. Innleiðing atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs - 1911002

Kynning umhverfis- og auðlindahagfræðings og þjóðgarðsvarðar á suðursvæði.

Gestir

Daði Már Kristófersson, umhverfis- og auðlindahagfræðingur – 14:00

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði – 14:00

Daði Már Kristófersson, umhverfis- og auðlindahagfræðingur við Háskóla Íslands hélt kynningu á mismunandi aðferðum við að stýra aðgangi að takmörkuðum auðlindum náttúrunnar.

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði kynnti vinnu við að innleiða atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs á suðursvæði vegna íshellaferð og jöklaganga.

Stjórn óskar þess að framkvæmdarstjóri í samvinnu við formann fylgi eftir þeim hugmyndum sem komu fram á fundinum.

8. Rekstur 2020 - 2003002

Fjármálastjóri kynnr útkomuspá rekstrar vegna reksturs 2020.

Einnig fylgja með mánaðaryfirlit vegna reksturs september, október, nóvember og desembermánaðar en desembermánuður er um leið útkomuspá ársins eins og staðan í bókhaldi sýnir hana 16.2.2021.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 14:30

Fjármálastjóri kynnti útkomuspá rekstrar vegna reksturs 2020 þar sem gert er ráð fyrir u.þ.b. 10 milljóna kr afgangi auk þess sem að höfuðstóll stofnunarinnar er orðinn jákvæður. Stjórn þakkar stjórnendum stofnunarinnar fyrir góðan árangur við stjórn fjármála og rekstrar undanfarin ár sem nú hefur skilað sér í jákvæðri niðurstöðu.

9. Rekstur 2021 - 2101030

Fjármálastjóri kynnr horfur í rekstri ársins 2021 og fer yfir stöðuna og það sem gerst hefur eftir að stjórn samþykkti áætlun ársins í desember.

Gögn málsins eru:

Bréf til ráðuneytis sem fylgdi rekstraráætlun

Greinargerð til ráðuneytis með rekstraráætlun 2021
Bréf til ráðuneytis vegna mögulegra breyttar forsendra varðandi sértekjuöflun,
uppbygging gestastofa ofl.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 14:50

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri Vatnajökulspjóðgarðs í upphafi ársins 2021 og horfurnar á næstu vikum og mánuðum. Við blasir mikil óvissa varðandi fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi á þessu ári sem hefur áhrif á áætlaðar sértekjur Vatnajökulspjóðgarðs. Mikilvægt er að ákvarðanir um útgjöld séu byggðar á sem öruggustum grunni.

10. Endurskoðun gjaldskrár Vatnajökulspjóðgarðs - 2012008

Fyrir fundinum lágu drög vegna endurskoðunar gjaldskrár Vatnajökulspjóðgarðs.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 15:30

Fjármálastjóri kynnti tillögu að endurskoðun gjaldskrár Vatnajökulspjóðgarðs: Um er um er að ræða nokkrar breytingar á texta gjaldskrárinnar til að auka skýrleika og jafnræði. Auk þess er lagt til að gjöld verði óbreytt eða lækkuð á milli ára.

Stjórn samþykkir tillögur um endurskoðun á gjaldskrá Vatnajökulspjóðgarðs og mun tillagan verða send til umfjöllunar og samþykktar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu en umhverfis- og auðlindaráðherra birtir gjaldskrána í formi reglugerðar.

11. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.